

10. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2023-2024

17. NÓVEMBER 2023, KL. 11:15-12:45 – EINGÖNGU TEAMS FUNDUR

MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Benóný Jónsson, Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir og Unnur Magnúsdóttir.

Gestur fundar: Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:18.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar

- a) MHH fór yfir fundargerð aukastjórnarfundar 18. september 2023.

Afgreiðsla: Samþykkt.

- b) MHH fór yfir fundargerð starfsdags stjórnar 6-7. september 2023.
Umræður.

Afgreiðsla: Samþykkt með lítilsháttar lagfæringum.

2. Nýir félagsmenn

20 einstaklingar sóttu um fulla aðild að félaginu. Allir uppfylla skilyrði um aðild.

Afgreiðsla: Samþykkt.

3. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar

Runólfur Vigfússon, lögfræðingur FÍN, kom inn á fundinn.

- a) Mál er varðar bráðabirgðaröðun Reykjavíkurborgar skv. starfsmati. Viðkomandi telur að hann hafi fengið ranga röðun og þar af leiðandi orðið af þeim launum sem munar á launaflokki skv. bráðabirgðaröðun og þeirri röðun sem hann hefði átt að lágmarki að fá.

Málið hefur takmarkað fordæmisgildi nema hvað varðar framkvæmd bráðabirgðaröðunar. Reykjavíkurborg hefur viðurkennt að ekki hafi verið staðið rétt að málum en starfsmatsstarfið var búið til án vitundar bæði FÍN og starfsmatsstofu.

Umræður.

Lagt er til að FÍN taki málið áfram fyrir dóm og greiði kostnað vegna málsóknarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt. 13 sögðu já. Enginn var á móti. 2 sátu hjá.

- b) Mál er varðar umsókn félagsmanns um starf verkefnastjóra. Viðkomandi komst í viðtal en var ekki ráðinn. Viðkomandi er ósáttur við framkvæmd ráðningarferilsins og telur sig hæfari en þann sem hlaut ráðningu. Ekki er hægt að segja til um hvað lá á baki ákvörðunar þar sem gögn eru óreiðukennd og m.a. vantar hæfnismat fyrir viðkomandi félagsmann. Mat RV er að stofnunin hafi ekki sýnt fram á að hæfasti einstaklingurinn hafi verið ráðinn og líklegt sé að dómstóll geri athugasemdir við málsmeðferð stofnunarinnar. Viðkomandi félagsmaður hefur ekki sett fram kröfur á hendur stofnuninni að öðru leyti en að óska eftir rökstuðningi og ítarlegri rökstuðningi. Þá hefur viðkomandi ekki leitað álits umboðsmanns Alþingis.

Umræður.

Lagt er til að fresta ákvörðun um að fara með málið fyrir dómstóla að svo stöddu og vísa því í annan farveg, þ.e. að vinna málið áfram með lögfræðingi FÍN og/eða fara með málið til umboðsmanns Alþingis.

Afgreiðsla: 13 sögðu já, enginn var á móti, 2 sátu hjá.

4. Þjónusta við önnur stéttarfélög

Formaður FÍN hefur undanfarið átt í viðræðum við Lyfjafræðingafélag Íslands um að gera þjónustusamning sín á milli þar sem FÍN tæki að sér gerð kjara- og stofnanasamninga fyrir Lyfjafræðingafélagið. FÍN er nú þegar með kjarasamninga og stofnanasamninga á mörgum þeirra stofnanna þar sem lyfjafræðingar starfa. FÍN mun ekki taka að sér þjónustu við félagsmenn Lyfjafræðingafélagsins. Miðað er við að gera tveggja ára samning til að byrja með.

Umræður.

SSS, UB og BJ viku af fundi.

Afgreiðsla: Samþykkt að formaður FÍN haldi áfram með samningaviðræður við Lyfjafræðingafélag Íslands og honum falið að gera drög að þjónustusamningi.

Dagskrárliðum 5-9 var frestað til aukastjórnarfundar sem boðaður verður eingöngu á Teams kl. 12:00 -13:00 fimmtudag 23. nóvember 2023.

5. Starfsdagur stjórnar 6. – 7. október
6. Kröfugerðir FÍN
7. Húsnæðismál
8. Verklagsreglur FÍN
9. Önnur mál
 - i. Jólafundur og starfsdagur stjórnar - 4 desember 2023 kl. 11:15-17:00 - Aðeins staðfundur

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:56.